

**Nd.** **567. Frumvarp til laga** [256. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Útskála í Gerðahreppi.

Flm.: Matthías Á. Mathiesen, Jón Skaftason, Gils Guðmundsson,  
Stefán Gunnlaugsson, Ólafur G. Einarsson.

**1. gr.**

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Gerðahreppi jörðina Útskála í Gerðahreppi fyrir það verð, sem um semst eða ákveðið verður að mati dómkvaddra manna.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Greinargerð.**

Frumvarp þetta var flutt á síðasta þingi og er endurflutt nú að beiðni hreppsnefndar Gerðahrepps. Frumvarpinu fylgdi svo hljóðandi greinargerð:

Frumvarp þetta er flutt að beiðni hreppsnefndar Gerðahrepps. Ástæðan til þess, að hreppsnefndin fer þessa á leit, kemur fram í eftirfarandi bréfi:

„Hér með fer ég þess á leit við yður, herra alþingismaður, að þér flytjið fyrir hönd Gerðahrepps frumvarp á Alþingi um, að það heimili sölu kirkjujarðarinnar Útskála í Gerðahreppi.

Ástæðan fyrir þessari beiðni er sú, að brún þörf er á því, að sveitarfélagið hafi ráðstöfunarrétt á byggingarlóðum í hreppnum, þar sem illmögulegt er að láta skipuleggja landið, hafi sveitarfélagið ekki ráð á því.

F. h. hreppsnefndar Gerðahrepps,

Björn Finnbogason.“